

**UPPMÆLINGAR Á FORNMINJUM Í SKORRADAL
GREINARGERÐ**

Kristborg Þórsdóttir
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Reykjavík 2017

FS657-17031



©2017

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

EFNISYFIRLIT


Samantekt.....	4
Inngangur.....	5
Framkvæmd og aðferðafræði	6
Gagnaskil.....	7
Heimildaskrá.....	8
Viðauki 1. Uppmældar fornminjar innan verndarsvæðis í Skorradal.....	9

Samantekt

Á vordögum 2017 vann Fornleifastofnun Íslands uppmælingar fyrir Skorradalshrepp í tengslum við áætlanir um verndarsvæði í byggð í framdalnum. Áður hafði Fornleifastofnun aðalskráð minjar á sama svæði. Skýrsla þessi er yfirlit yfir uppmælingarnar á minjastöðunum en ítarlegri upplýsingar um minjastaðina, eðli þeirra og ástand ásamt myndefni og kortum er að finna í aðalskráningarskýrslu um sama svæði sem kemur út haustið 2017. Á vettvangi voru mældir upp 108 minjastaðir.

Inngangur

Í maí síðastliðnum fór fram uppmæling á aðalskráðum fornminjum í Skorradalshreppi innan þess svæðis sem skilgreina á sem verndarsvæði í byggð með tillögu sveitarfélagsins til Minjastofnunar Íslands. Verkið var unnið að beiðni Framdalsfélagsins fyrir hönd Skorradalshrepps.



Kort sem sýnir staðsetningu þess svæðis þar sem minjar voru uppmældar í framdali Skorradals. Íslandskort: Gísli Pálsson.

Jarðirnar sem eru innan svæðisins eru átta talsins (*Stálpastaðir, Háafell, Fitjar, Sarpur, Efstibær, Bakkakot, Vatnshorn og Hagi* (áður *Svangi*). Allar þessar jarðir tilheyra framdalnum og voru í Fitjasókn. Að auki voru Hvammur, Dagverðarnes og Grafardalur (nú í Hvalfjarðarsveit) í Fitjasókn en þær jarðir eru utan verndarsvæðisins eins og það er skilgreint. Minjar í heimatúnum á jörðum sem eru innan verndarsvæðisins voru skráðar árið 2010¹ af Fornleifastofnun Íslands ef frá eru taldar jarðirnar Stálpastaðir og Fitjar. Aðrar minjar á svæðinu voru skráðar sumarið 2016 og snemma vors 2017.

¹ Sjá: Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2012.

Framkvæmd og aðferðafræði

Þegar ljóst var að Skorradalshreppur hefði fengið styrk til að vinna tillögu um verndarsvæði í byggð í framdalnum var aðalskráning fornminja langt komin. Í þeirri vinnu eru notuð GPS-staðsetningartæki sem gefa að jafnaði 3 m skekkju. Verndarsvæðið í Skorradal er frábrugðið öðrum verndarsvæðum í byggð að því leyti að um mjög stórt svæði í dreifbýli er að ræða en ekki lítið afmarkað svæði innan þéttbýlis. Af þeim sökum gerði Minjastofnun Íslands ekki kröfu um að unnin væri deiliskráning fornminja á svæðinu líkt og gert var á öðrum verndarsvæðum. Minjastofnun Íslands gerði hins vegar kröfu um að allar aðalskráðar minjar yrðu mældar upp með nákvæmum hætti.

Fornleifastofnun tók að sér að mæla upp minjarnar og skila um verkið stuttri greinargerð um framkvæmd þess og er það sú samantekt sem hér lítur dagsins ljós. Mælingunum skyldi auk þess skila á tölvutæku formi til Minjastofnunar Íslands og Skorradalshrepps. Við uppmælingarnar var notast við Trimble Geoexplorer 6000 tæki sem fengin voru að láni hjá Minjastofnun Íslands og Trimble R8. Öll sýnileg mannvirki voru mæld upp (tóftir, bæjarhólar, þústir, hleðslur, skurðir og garðlög. Um uppmælingar sáu Kristborg Þórsdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir, fornleifafræðingar hjá Fornleifastofnun Íslands. Kristborg sá einnig um frágang gagna og ritun greinargerðar.



Þessi mynd var tekin á bæjarhóli Vatnshorns þegar fornleifar í Vatnshorni voru mældar upp vorið 2017. Í forgrunni er Bjarnabrunnur sem grafinn var upp að hluta árið 2011 (Oddgeir Isaksen og Stefán Ólafsson 2011), fjær er gamla íbúðarhúsið í Vatnshorni.

Mógrafir og götur voru ekki mældar upp umfram það sem gert var á aðalskráningarstigi með GPS-staðsetningartæki af gerðinni GARMIN GPSMAP 64. Þar voru mógrafir afmarkaðar með línu og eins var götum fylgt á köflum á vettvangi en þær voru einnig raktar áfram á loftmyndum eins og hægt var. Mógrafir geta náð yfir mjög stór svæði og eru oft illgreinanlegar. Þær eru yfirleitt skráðar sem svæði og því er ekki um nákvæmar mælingar á einstökum gröfum að ræða. Af þeim sökum var ekki talið forsvaranlegt að mæla þær aftur upp. Um göturnar gilda sömu rök en þær liggja upp á heiðar og á milli sveita. Hluti þeirra var mældur upp á aðalskráningarstigi og þar sem hægt var að rekja þær áfram af loftmynd með vissu, var það gert á köflum.

Á nokkrum stöðum á svæðinu sem uppmælingar voru gerðar á er kominn þéttur skógur og þar voru mælingarnar talsvert bjagaðar. Í þeim tilvikum var uppmælingum breytt til samræmis við teikningar sem gerðar voru á aðalskráningarstigi en ljóst er að þar er uppmælingin ónákvæmari en annarsstaðar þar sem gróður truflaði ekki samband mælitækjanna við gervitungl. Þetta á einkum við um uppmælingar á Stálpastöðum.

Gagnaskil

Mældar voru upp 108 fornminjar innan verndarsvæðisins og sjá má lista yfir þær í viðauka 1. Uppmælingagögnin eru fitjuskrár og eru þau merkt eftir því hvort mælt var með Trimble Geoplotter 6000 eða Trimble R8. Auk uppmælingagagna fylgja með í gagnaskilum staðsetningarpunktar á öllum minjum sem skráðar hafa verið á aðalskráningarstigi á því svæði sem skilgreint er sem verndarsvæði í byggð. eru það rúmlega 200 minjastaðir aukalega. Einnig fylgja með línur sem sýna götur og afmörkun mógrafa. Kort sem sýna sjálfar mælingarnar sem og önnur gögn um minjar á verndarsvæðinu (texti, ljósmyndir og kort) munu birtast í aðalskráningarskýrslu um framdal Skorradals sem kemur út haustið 2017². Uppistandandi hús voru ekki mæld upp með fornleifunum en ónákvæm uppmæling gerð á þeim eftir loftljósmynd og fylgir hún með uppmælingagögnunum í sérstakri skrá.

² Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2017.

Heimildaskrá

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2012. *Í túninu heima: Skráning fornleifa í heimatúnum á Háafelli, Bakkakoti, Sarpi, Efstabæ, Vatnshorni og Svanga í Skorradal*. FS483-10021. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2017. *Aðalskráning fornminja í Skorradal I – Framdalur*. FS651-16011. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Oddgeir Isaksen og Stefán Ólafsson. 2011. *Uppgröftur á Bjarnabrunni í Vatnshorni, Skorradal. Greinargerð*. FS465-11081. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Viðauki 1. Uppmældar fornminjar innan verndarsvæðis í Skorradal

Jörð	Samtala	tegund	hlutverk	Sérheiti
Stálpastaðir	BO-138:001	bæjarhóll	bústaður	Stálpastaðir
Stálpastaðir	BO-138:002	tóft	útihús	
Stálpastaðir	BO-138:005	tóft	stekkur	Gamlistekkur
Stálpastaðir	BO-138:010	garðlag	túngarður	
Stálpastaðir	BO-138:015	renna	áveita	
Stálpastaðir	BO-138:017	garðlag	túngarður	
Stálpastaðir	BO-138:019	kantur	kálgarður	
Stálpastaðir	BO-138:020	tóft	útihús	
Stálpastaðir	BO-138:021	hleðsla	óþekkt	
Stálpastaðir	BO-138:022	þúst	útihús	
Háafell	BO-139:001	bæjarhóll	bústaður	Háafell
Háafell	BO-139:002	þúst	lambhús	Lambhúslækur
Háafell	BO-139:003	tóft	fjánhús	
Háafell	BO-139:004	garðlag	túngarður	
Háafell	BO-139:005	þúst	sel	Sel
Háafell	BO-139:006	mannvirki	þvottalaug	Laug
Háafell	BO-139:008	brunnur	brunnur	Brunnhóll
Háafell	BO-139:013	tóft	útihús	
Háafell	BO-139:014	hleðsla	hesthús	Hesthúseyri
Háafell	BO-139:015	garðlag	varnargarður	
Fitjar	BO-140:001	bæjarhóll	bústaður	Fitjar
Fitjar	BO-140:002	hús	kirkja	Fitjakirkja
Fitjar	BO-140:013	tóft	Sel	Fitjasel
Fitjar	BO-140:020	hleðsla	samgöngubót	Vegggil
Fitjar	BO-140:025	laug	sundlaug	Laugarhóll
Fitjar	BO-140:027	tóft	sel	Sarpasel
Fitjar	BO-140:029	tóft	smalakofi	
Fitjar	BO-140:031	tóft	heygarður	
Fitjar	BO-140:033	bæjarstæði	býli	Fitjakot/Narfakot
Fitjar	BO-140:037	tóft	smalakofi	
Fitjar	BO-140:054	tóft	óþekkt	
Bakkakot	BO-141:001	bæjarhóll	bústaður	Bakkakot
Bakkakot	BO-141:002	tóft	útihús	
Bakkakot	BO-141:006	hleðsla	rétt	Bakkakotsrétt
Bakkakot	BO-141:015	hleðsla	rétt	
Bakkakot	BO-141:019	tóft	hesthús	
Bakkakot	BO-141:013	hús	hesthús	
Bakkakot	BO-141:010	garðlag	óþekkt	
Bakkakot	BO-141:011	garðlag	túngarður	
Sarpur	BO-142:001	bæjarhóll	bústaður	Sarpur
Sarpur	BO-142:002	tóft	fjós	
Sarpur	BO-142:003	þúst	fjánhús	Fjánhúshóll/Húsatún

Sarpur	BO-142:004	hleðsla	rétt	
Sarpur	BO-142:006	tóft	kvíar	Kvíafoss
Sarpur	BO-142:011	tóft	fjánhús	
Sarpur	BO-142:014	tóft	smalakofi	
Sarpur	BO-142:015	tóft	skotbyrgi	
Sarpur	BO-142:016	tóft	skotbyrgi	
Sarpur	BO-142:021	gerði	kálgarður	
Sarpur	BO-142:029	tóft	útihús	Bogakofi
Sarpur	BO-142:032	tóft	útihús	Bjössakofi
Sarpur	BO-142:033	þúst	óþekkt	
Sarpur	BO-142:034	tóft	útihús	
Sarpur	BO-142:028	gryfja	þvottalaug	Laugamói
Efstibær	BO-143:001	bæjarhóll	bústaður	Efstibær
Efstibær	BO-143:002	tóft	fjánhús	
Efstibær	BO-143:003	tóft	fjós	
Efstibær	BO-143:004	tóft	hlaða	
Efstibær	BO-143:005	tóft	fjánhús	
Efstibær	BO-143:006	þúst	fjánhús	
Efstibær	BO-143:015	tóft	sel	Sæmundarhólssel
Efstibær	BO-143:016	gerði	túngarður	Stekkur
Efstibær	BO-143:028	tóft	rétt	
Efstibær	BO-143:047	gerði	túngarður	
Efstibær	BO-143:034	hleðsla	hesthús	
Efstibær	BO-143:036	hleðsla	kvíar	Kvíaleyri
Efstibær	BO-143:037	hleðsla	brunnur	Gamlibrunnur
Efstibær	BO-143:041	þúst	brunnur	
Efstibær	BO-143:046	garðlag	áveita	Flóðaskurður
Vatnshorn	BO-144:001	bæjarhóll	bústaður	Vatnshorn
Vatnshorn	BO-144:002	hús	fjánhús	Miðhús
Vatnshorn	BO-144:004	tóft	stekkur	Ytri-Stekkjareyri
Vatnshorn	BO-144:006	þúst	lambhús	Lambhúshóll
Vatnshorn	BO-144:007	þúst	útihús	
Vatnshorn	BO-144:008	tóftir	smiðja	Smiðjuhóll
Vatnshorn	BO-144:011	hleðsla	fjárskýli	Lambabyrgisklettur
Vatnshorn	BO-144:013	tóft	beitarhús	Beitarhúsatættur
Vatnshorn	BO-144:017	hleðsla	kálgarður	
Vatnshorn	BO-144:019	hleðsla	kálgarður	Heimagarður
Vatnshorn	BO-144:020	gerði	kartöflugarður	
Vatnshorn	BO-144:023	tóft	hesthús	
Vatnshorn	BO-144:024	garðlag	túngarður	Litligarður
Vatnshorn	BO-144:034	hús	hjallur	Pakkhús/Hjallurinn
Vatnshorn	BO-144:035	mannabein (þúst)	legstaður	Langikofi/Inguhóll
Vatnshorn	BO-144:036	tóft	rétt	Gerðið
Vatnshorn	BO-144:037	tóft	hesthús	

Vatnshorn	BO-144:038	þúst	útihús	
Vatnshorn	BO-144:039	þúst	hrútakofi	Járnkofi
Vatnshorn	BO-144:040	þúst	kálgarður	
Vatnshorn	BO-144:041	tóft	útihús	
Vatnshorn	BO-144:042	hús	fjánhús	Nýju húsín
Vatnshorn	BO-144:043	þúst	óþekkt	
Vatnshorn	BO-144:044	garðlag	óþekkt	
Vatnshorn	BO-144:046	garðlag	nátthagi	Nátthagi
Svangi/Hagi	BO-146:002	þúst	útihús	
Svangi/Hagi	BO-146:004	tóft	stekkur	Ytri Stekkur
Svangi/Hagi	BO-146:005	tóftir	bústaður	Gamlistekkur/Eystri-Svangi
Svangi/Hagi	BO-146:008	stífla		Lón
Svangi/Hagi	BO-146:014	hús	lambhús	
Svangi/Hagi	BO-146:015	tóft	fjós	
Svangi/Hagi	BO-146:016	tóft	hlaða	
Svangi/Hagi	BO-146:017	hús	skemma	
Svangi/Hagi	BO-146:018	tóft		
Svangi/Hagi	BO-146:019	tóft	útihús	
Svangi/Hagi	BO-146:020	gerði	kálgarður	
Svangi/Hagi	BO-146:021	þúst	óþekkt	
Svangi/Hagi	BO-146:022	þúst	óþekkt	
Svangi/Hagi	BO-146:023	þúst	óþekkt	